

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um eignarrétt og erfð lífeyris, 54. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dagsettum 20. nóvember sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) send til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar, 54. mál.


Tillagan virðist fela í sér vilja til þess að hverfa frá núverandi lífeyrissjóðakerfi sem byggist að stórum hluta á samtryggingu og taka upp hreint séreignarfyrirkomulag. Samtrygging og skylduaðild að lífeyrissjóðum á rætur að rekja til kjarasamnings á almennum vinnumarkaði vorið 1969. Verkalýðshreyfingin hefur allar götur síðan þá talið þetta skref vera eitt hið merkasta í samanlagðri baráttusögu sinni á öldinni sem leið. Grunngildi skylduaðildar eru að tryggja launafólki eftirlaun til æviloka og vera öryggisnet gagnvart skakkaföllum hvenær sem er á lífsleiðinni. Lífeyrirsréttindi í samtryggingardeildum eru eign sjóðfélaganna og lögvarin sem slík. Lífeyrirsréttindi í samtryggingardeildum veita réttindi sem fólk öðlast á vinnumarkaði og gengur síðan að eftir atvikum með greiðslu ævilangs lífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris eða barnalífeyris.

Kjarasamningar og gildandi löggjöf gera jafnframt ráð fyrir séreign sem almennt ávinnst með samningi um viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar hafa val um það hvort þeir taki þátt í slíkum sparnaði, hver varsli hann og hvaða ávöxtunarleið er valin. Slík eign byggist ekki á samtryggingu og fellur því til maka og barna við fráfall sjóðfélaga.

Nú stendur til að hefja vinnu við grænbók um íslenska lífeyrissjóðakerfið og gefst þar tækifæri til að rýna hvað betur má fara í núverandi kerfi. Undanfarin ár hafa einkum heyrst óánaðjuraddir sem beinast að samspli greiðslna úr lífeyrissjóðakerfinu gagnvart skerðingum á greiðslum almannatrygginga. Miklar tekjutengingar almannatrygginga hafa leitt til þess að almenningur telur ranglega að lífeyrirsréttindi í samtryggingu séu ekki lögvernduð eign.

LL vilja minna á að aðilar vinnumarkaðarins, bæði á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum, hafa við gerð kjarasamninga komið að móturn lífeyriskerfis landsmanna. Þegar á heildina er litið hefur tekist afar vel til og má ætla að svo verði áfram við móturn lífeyrissjóðakerfisins í framtíð. LL eru heildarsamtök lífeyrissjóða og leggja ríka áherslu á að fá aðkomu að vinnu sem felur í sér móturn á löggjöf sem varðar lífeyriskerfi landsmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri